



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

## ALMANNAVARNADEILD



### FRÁ FUNDI VÍSINDARÁÐS ALMANNAVARNA

Dags: 23.06.2016

Kl.: 10:30

Staðsetning: Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð.

Fundarefni: Bárðarbunga

Fundinn sátu vísindamenn frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans auk starfsmanna frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.

#### Meginefni fundar

- Virkni í Bárðarbungu frá goslokum

#### Niðurstöður

Á fundi vísindaráðs almannavarna í dag var farið yfir niðurstöður mælinga og athugana á Bárðarbungu undanfarnar vikur.

Íssjármælingar voru gerðar á Bárðarbungu í vorleiðangri Jökjarannsóknarfélags Íslands (JÖRFÍ) dagana 3.-10. júní. Engin merki koma fram um breytingar á botni öskjunnar frá síðasta ári og engar vísbendingar um að vatn sé að safnast fyrir inni í öskjunni. Lægðin sem myndaðist við sig öskjunnar í umbrotunum 2014-2015 grynkar vegna innflæðis íss og snjósöfnunar, lægðin hefur grynkað um 8 metrar á ári.

Í leiðangri JÖRFÍ voru einnig gerðar gasmælingar við sigkatla á brúnum öskjunnar sem myndast vegna jarðhita undir jöklinum. Þær sýna að útstreymi gass hefur lítið breyst síðasta árið. Dýpt og stærð katlana hefur ekki verið mæld í nokkurn tíma, en þær mælingar verða aðeins gerðar úr lofti. Ekki er því vitað hvort jarðhiti sé að aukast eða minnka.

Ný jarðskjálftastöð í tæplega 1600 metra hæð í norðvestur hlíðum Bárðarbungu, var sett upp 5. júní. Hún bætir nákvæmni staðsetninga jarðskjálfta inni í öskjunni til muna.

Jarðskjálftamælingar sýna að uppsafnað skjálftavægi í Bárðarbunguöskjunni hefur farið stigvaxandi frá miðjum september 2015. Alls hafa mælst 51 jarðskjálftar stærri en M3 frá goslokum í Bárðarbunguöskunni. Frekari upplýsingar um jarðskjálftana í Bárðarbungu má finna í frétt á vef Veðurstofu Íslands (<http://www.vedur.is/um-vi/frettir/um-jardskjalftana-i-bardarbungu>).

GPS mælingar sýna færslur í átt frá Bárðarbungu.

Líklegasta skýringin á aflögun og jarðskjálftavirkni er innflæði kviku á 10-15 km dýpi undir Bárðarbungu, þar sem kvikan átti uppruna sinn í gosinu 2014-2015. Engar vísbendingar eru um kvikusöfnun ofar í jarðskorpunni. Þetta er algeng hegðun í kjölfar eldgosa.

Í kjölfar öskjusigsins í Bárðarbungu og aukins jarðhita er hætta á að vatn safnist fyrir undir sigkötlum eða inni í öskjunni. Því er mikilvægt að fylgjast áfram með þróun katlanna auk þróun jarðskjálftavirkni, aflögunar, jarðhitavirkni og gasútstreymis.